

Bæjarstjórn - 40

FUNDARBOÐ

40. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 25. september 2025 og
hefst kl. 17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

1. 2509003F - Landbúnaðarnefnd - 4

Lögð fram 4. fundargerð Landbúnaðarnefndar.

2. 2509001F - Skóla- og fræðslunefnd - 21

Lögð fram 21. fundargerð skóla- og fræðslunefndar.

3. 2509004F - Skipulagsnefnd - 33

Lögð fram 33. fundargerð skipulagsnefndar.

Erindi til kynningar

4. 2401022 - Samstarf um uppbyggingu í Víkurhverfi

Bæjarstjórn samþykkti, á 39. fundi sínum, að hefja viðræður við Skipavík ehf. um samstarf um skipulag og uppbyggingu íbúðarhúsnæðis vestan Borgarbrautar í Víkurhverfi á grunni fyrirbyggjandi gagna. Bæjarstjórn vísaði samningaviðræðum við Skipavík ehf. til vinnslu í bæjarráði og lagði til samráð við skipulagsnefnd um skipulagshluta samningsins. Þá óskaði bæjarstjórn þess að fulltrúar Skipavíkur ehf. fengju sem fyrst tækifæri til þess að kynna áform sín og hugmyndir nánar á sameiginlegum fundi bæjarráðs og skipulagsnefndar.

Á 36. fundi bæjarráðs mættu fulltrúar Skipavíkur ehf. til fundar við bæjarráð og gera grein fyrir áætlunum sínum. Einnig var nefndarmönnum skipulagsnefndar boðið til fundar.

Bæjarráð þakkaði fulltrúum Skipavíkur fyrir greinargóða kynningu og fagnaði áhuga fyrirtækisins á áframhaldandi uppbyggingu í sveitarfélaginu. Bæjarráð fól bæjarstjóra að leggja grunn að drögum að samkomulagi í samræmi við umræður á fundinum og leggja fyrir bæjarráð.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

5. 2509015 - Óveruleg breyting á deiliskipulagi

Lóðarhavar Höfðagötu 9 óska eftir að fá að grenndarkynna óverulega breytingu á deiliskipulagi Þinghúshöfða, skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga.

Málið var tekið til umræðu á 33. fundi skipulagsnefndar. Skipulagsnefnd samþykkti að grenndarkynna óverulega breytingu á deiliskipulagi Þinghúshöfða vegna Höfðagötu 9, skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2012. Tillagan skal grenndarkynnt fyrir íbúum Höfðagötu 4 og 9a.

Bæjarráð staðfesti á 36. fundi sínum afgreiðslu skipulagsnefndar.

6. 2509013 - Beiðni um breytingar á stoppistöð

Lagt fram erindi Vegagerðarinn varðandi breytingar á stoppistöðvum strætisvagna í sveitarfélaginu. Þann 1. janúar 2026 mun nýtt leiðarkerfi landsbyggðarvagna verða tekið í notkun og er hluti af því að gera breytingar á einstökum stoppistöðvum víðs vegar um landið.

Til stendur að færa stoppistöðina frá Olís að íþróttamiðstöðinni.

Málið var tekið til umræðu á 33. fundi skipulagsnefndar. Nefndin gerði ekki athugasemdir við breytinguna.

Bæjarráð staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar á 36. fundi sínum.

7. 2310023 - Hólar 5a - br á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag

Lögð fram að nýju tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 og nýju deiliskipulagi í landi Hóla 5a.

Tillögurnar hafa verið auglýstar í samræmi við 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsfulltrúi lagði fram, á 33. fundi skipulagsnefndar, umsagnir og athugasemdir og bókun að svari við athugasemdum. Nefndin samþykkti svör við umsögnum og athugasemdum við aðalskipulagsbreytingu og tillögu að deiliskipulagi að lokinni auglýsingu og lagði til við bæjarstjórn að hún verði samþykkt og að aðalskipulagsbreytingin og deiliskipulagið taki gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda og verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 32. gr. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2012.

Bæjarráð staðfesti, á 36. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar.

8. 2312008 - Sjávarútvegsstefna og skelbætur

Lögð fram gögn vegna óvissu um áframhaldandi úthlutun skelbóta. Endurskoðun innviðaráðherra á byggðakerfi sjávarútvegsins stendur enn yfir og hefur leitt af sér mikla óvissu hjá þeim fyrirtækjum sem hafa á undanförunum árum fengið úthlutað skel- og rækjubótum.

Bæjarráð lýsti, á 36. fundi sínum, yfir þungum áhyggjum af stöðunni og vísaði málinu, í ljósi alvarleika þess, til afgreiðslu í bæjarstjórn.

9. 2311015 - Samþykkt um gatnagerðargjald og þjónustugjaldskrár í skipulags- og byggingarmálum ásamt lóðarreglum

Lögð fram samþykkt um gatnagerðargjald, lóðagjald o.fl. í Sveitarfélaginu Stykkishólmi og tekin til umræðu heimild til greiðsudreifingar fyrir einstakling vegna fyrri hluta

gatnagerðargjalds.

Bæjarráð lagði, á 36. fundi sínum, til við bæjarstjórn að sveitarfélaginu sé heimilt að skipta greiðslum fyrri 50% greiðslu gatnagerðargjalda hjá einstaklingum, vegna byggingar íbúðarhúsnæðis, þannig að helmingur fyrri greiðslu, sé greiddur á gjalddaga og skipta megi seinni hluta greiðslu til allt að fjögurra mánaða, þó þannig að fullnaðargreiðslu sé lokið fyrir útgáfu byggingarleyfis.

Bæjarráð lagði jafnframt til að málið verði tekið til skoðunar að nýju á vettvangi bæjarráðs að ári liðnu, ef tilefni þykir til endurskoðunar ákvörðunarinnar.

10. 2509016 - Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga

Lögð fram gögn vegna fyrirhugaðrar lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 100.000.000,- á árinu 2025 í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2025.

Bæjarráð lagði til við bæjarstjórn, á 36. fundi sínum, að samþykkja fyrirhugaða lántöku.

11. 2509017 - Forsendur fjárhagsáætlunar 2026-2029

Lagðar fram forsendur fjárhagsáætlunar 2026-2029.

Bæjarráð samþykkti, á 36. fundi sínum, fyrirbyggjandi forsendur og vísaði forsendum til afgreiðslu í bæjarstjórn.

12. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra

Minnispunktar bæjarstjóra lagðir fram.

23.09.2025

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bæjarstjóri.